

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/1741****2021/EES/49/14****frá 23. september 2019**

**um að ákvarða framsetningu og tíðni gagna sem aðildarríki eiga að láta í té í þeim tilgangi að gefa skýrslu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB**

*(tilkynnt með númeri C(2019) 6745) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006 (hér á eftir nefnd reglugerðin) senda aðildarríkin framkvæmdastjórninni gögn um losun og flutning mengunarefna frá stórum rekstrareiningum í iðnaði. Framkvæmdastjórnin tekur þessi gögn saman í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna (E-PRTR), sem er rafræn og aðgengileg öllum, til að greiða fyrir þátttöku almennings þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfismál og stuðla að því að draga úr mengun umhverfisins.
- 2) Til að auka samræmi við skýrslugjöf samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB <sup>(2)</sup> um losun í iðnaði, en framsetningin, tíðnin og innihaldið eru fastsett með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1135 <sup>(3)</sup>, var reglugerðinni breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 <sup>(4)</sup> (hér á eftir nefnd „breytingin“) til að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að fastsetja upplýsingar sem á að gera aðgengilegar samkvæmt reglugerðinni og til að fella niður skýrslugjafarsniðið sem er sem stendur mælt fyrir um í þeirri reglugerð.
- 3) Með breytingunni var lögð áhersla á hversu mikilvægt það er að gera borgurum Sambandsins kleift að fá skjótan aðgang að umhverfisupplýsingum og á nauðsyn þess að aðildarríki og framkvæmdastjórnin geri gögn aðgengileg fyrir almenning eins fljótt og er tæknilega mögulegt. Með breytingunni var einnig ákveðið að skýrslugjöf aðildarríkja ætti að eiga sér stað eigi síðar en 11 mánuðum eftir lok ársins og fastsett markmið um að upplýsingarnar verði tiltækar innan þriggja mánaða eftir lok ársins, þ.m.t. með því að vinna að þessu markmiði með framkvæmdargerð samkvæmt reglugerðinni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 267, 21.10.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjútíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1135 frá 10. ágúst 2018 um að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar að því er varðar skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði (Stjútíð. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 40).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1010 frá 5. júní 2019 um samræmingu á kvöðum um skýrslugjöf á sviði löggjafar í tengslum við umhverfið og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 og (ESB) nr. 995/2010, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB, 2004/35/EB, 2007/2/EB, 2009/147/EB og 2010/63/ESB, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 338/97 og (EB) nr. 2173/2005 og tilskipun ráðsins 86/278/EBE (Stjútíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 115).

- 4) Núverandi starfshættir og upplýsingatækni sem eru notuð við skýrslugjöf miða að því að tryggja mikil gæði gagna sem koma fram bæði í landsbundnum skráum yfir losun og flutning mengunarefna og í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna. Markmiðið með því að gera upplýsingarnar í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna fyrir aðgengilegar almenningi ætti að stuðla enn frekar að skýrslugjöf um vandaðar upplýsingar. Þar eð markmiðið útheimtir innleiðingu þrepskiptrar nálgunar og vandlegan undirbúning, þ.m.t. prófun á nýjum aðferðum við skýrslugjöf og þróun nýrra skýrslugjafartækja, nánar tiltekið í þeim tilgangi að fullgilda og hafa eftirlit með gæðum gagna sem greint er frá, ætti að endurskoða eindaga fyrir skýrslugjöf í ljósi framfara í upplýsingatækni, niðurstaðna úr tilraunaprófun og bestu starfsvenja aðildarríkjanna.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 19. gr. reglugerðarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu veita upplýsingarnar sem settar eru fram í viðaukanum með því að nota sértæka rafræna formið sem á að þróa vegna þessarar skýrslugjafar.

Upplýsingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu lagðar fram í fyrsta sinn fyrir skýrslugjafarárið 2019, nema annað sé tekið fram í þeim viðauka.

Stjórnsýsluupplýsingarnar, sem settar eru fram í 1. til 4. þætti viðaukans, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september á næsta skýrslugjafarári.

Þemaupplýsingarnar, sem settar eru fram í 5. til 10. þætti viðaukans, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. nóvember á næsta skýrslugjafarári.

*2. gr.*

Þessi ákvörðun skal endurskoðuð eigi síðar en 31. desember 2024 með það fyrir augum að meta hagkvæmni þess að vinna að því markmiði að hafa gögn úr Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna fyrir aðgengileg almenningi. Þessi endurskoðun skal fela í sér skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Umhverfisstofnunar Evrópu um landsbundnar bestu starfsvenjur og tiltæka tækni og tæki sem gera það kleift að gefa skýrslur fyrir.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

**Ákvörðun á framsetningu og tíðni gagna sem aðildarríki eiga að láta í té í þeim tilgangi að gefa skýrslu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 166/2006**

## Athugasemd:

Aðildarríkjum er heimilt að tilgreina upplýsingar sem þau telja vera trúnaðarupplýsingar og gera grein fyrir ástæðum þess að framkvæmdastjórnin eigi ekki að gera þær aðgengilegar öllum.

## A. STJÓRNSÝSLUUPPLÝSINGAR

1.	Auðkenning skýrslugjafa	
	Tegund	Snið
1.1.	Kennimerki lands	Auðkenning landsins þar sem rekstrareiningin, sem gefin er skýrsla um, er staðsett.
1.2.	Skýrslugjafarár	Almanaksárið sem skýrslugjöf á við um.
2.	Upplýsingar um rekstrareininguna <sup>(1)</sup> , <sup>(2)</sup>	
	Tegund	Snið
2.1.	inspireId	Einkvæmt kennimerki rekstrareiningar sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB <sup>(3)</sup> .
2.2.	thematicId <sup>(4)</sup>	Þematískt kennimerki hlutar.
2.3.	Kennimerki í kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir	Ef stöðin fellur, í heild eða að hluta til, undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB <sup>(5)</sup> , kennimerkið sem notað er til skýrslugjafar samkvæmt þeirri tilskipun
2.4.	Heiti rekstrareiningarinnar	Opinbert heiti, sérheiti eða hefðbundið heiti rekstrareiningarinnar.
2.5.	Heiti móðurfélagsins	Móðurfélag er félag sem á eða hefur yfirráð yfir fyrirtækinu sem starfrækir rekstrareininguna (t.d. með eignarhaldi á meira en 50% af hlutafé fyrirtækisins eða meirihluta atkvæðisréttar hluthafa eða samstarfsmanna) — sjá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(6)</sup> .
2.6.	Heimilisfang	Póstfang rekstrareiningar eins og skilgreint er með húsnúmeri, götuheiti, borg/bæ, póstnúmeri, landi.
2.7.	Rúmfræði	Breiddar- og lengdargráða (hnit áætlaðs miðpunkts rekstrareiningarinnar), gefin upp með tilvísun í hnitviðmiðunarkerfið ETRS89 (2D)-EPSG:4258 með nákvæmni sem nemur 5 tugasætum.
2.8.	Vatnasviðaumdæmi	Kóðakennimerki og/eða heiti sem vatnasviðaumdæmi vatnsfalls er gefið.
2.9.	Hlutverk	Starfsemi sem fer fram í rekstrareiningunni. Hlutverkinu er lýst með starfsemi rekstrareiningarinnar, gefið upp sem kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins.
2.10.	Starfsemi skv. I. viðauka við Evrópuskrána yfir losun og flutning mengunarefna	Starfsemi skv. I. viðauka, sem fer fram í rekstrareiningunni, þar sem meginstarfsemi og öll önnur starfsemi er tilgreind.
2.11.	Staða	Rekstrarleg staða rekstrareiningarinnar.
2.12.	Framleiðslumagn <sup>(7)</sup> , <sup>(8)</sup>	
2.13.	Fjöldi klukkustunda á ári í rekstri <sup>(9)</sup>	Valkvætt.

2.14.	Fjöldi starfsmanna <sup>(10)</sup>	Valkvætt.
2.15.	Veffang	Veffang rekstrareiningarinnar eða móðurfélagsins þar sem umhverfisskýrsluna eða yfirlýsingu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB fyrir rekstrareininguna eða móðurfélagið er að finna.
2.16.	Athugasemdir	Allar aðrar viðeigandi upplýsingar. Valkvætt.
3.	<b>Upplýsingar um lögbært yfirvald fyrir rekstrareininguna í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna</b>	
	Tegund	Snið
3.1.	Heiti lögbærs yfirvalds	
3.2.	Heimilisfang lögbærs yfirvalds	Póstfang eins og skilgreint er með húsnúmeri, götuheiti, borg/bæ, póstnúmeri, landi.
3.3.	Tölvupóstfang lögbærs yfirvalds	
3.4.	Símanúmer lögbærs yfirvalds	
4.	<b>Upplýsingar þegar rekstrareining í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna er hluti af eða eins og framleiðslustaður <sup>(11)</sup></b>	
	Tegund	Snið
4.1.	inspireId	Einkvæmt kennimerki framleiðslustaðar sem uppfyllir kröfurarnar í tilskipun 2007/2/EB.
4.2.	thematicId <sup>(12)</sup>	Þematískt kennimerki hlutar fyrir framleiðslustaðinn.
4.3.	Rúmfræði	Breiddar- og lengdargráða (hnit áætlaðs miðpunkts framleiðslustaðarins), gefin upp með tilvísun í hnitviðmiðunarkerfið ETRS89 (2D)-EPSG:4258 með nákvæmni sem nemur 5 tugasetum.
4.4.	Heiti framleiðslustaðar	Opinbert heiti, sérheiti eða hefðbundið heiti framleiðslustaðarins.
<b>B. ÞEMAUPPLÝSINGAR</b>		
5.	<b>Gögn um losun í andrúmsloft — fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir þröskuldsgildið í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
5.1.	Heiti mengunarefnis	Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006.
5.2.	Heildarmassi sem er losaður	Heildarmassi fyrir hvert mengunarefni í allri losun frá öllum upptökum í rekstrareiningunni (kg/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
5.3.	Massi sem er losaður fyrir slysi	Sá hluti af heildarmassa, sem er losaður, sem stafar af slysi (kg/ári).
6.	<b>Gögn um losun í vatn — fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir þröskuldsgildið í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
6.1.	Heiti mengunarefnis	Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006.
6.2.	Heildarmassi sem er losaður	Heildarmassi fyrir hvert mengunarefni í allri losun frá öllum upptökum í rekstrareiningunni (kg/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.

6.3.	Massi sem er losaður fyrir slysi	Sá hluti af heildarmassa, sem er losaður, sem stafar af slysi (kg/ári).
7.	<b>Gögn um losun á land — fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir þröskuldsgildið í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
7.1.	Heiti mengunarefnis	Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006.
7.2.	Heildarmassi sem er losaður	Heildarmassi fyrir hvert mengunarefni í allri losun frá öllum upptökum í rekstrareiningunni (kg/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
7.3.	Massi sem er losaður fyrir slysi	Sá hluti af heildarmassa, sem er losaður, sem stafar af slysi (kg/ári).
8.	<b>Flutningur af staðnum til skólphreinsunar — fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir þröskuldsgildið í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
8.1	Heiti mengunarefnis	Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006.
8.2	Heildarmassi sem er fluttur	Heildarmassi fyrir hvert mengunarefni í öllum flutningi frá rekstrareiningunni (kg/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
9.	<b>Flutningur af staðnum á hættulegum úrgangi — ef farið er yfir þröskuldsgildið í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
9.1	Innan landsins til endurnýtingar (E)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári) Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
9.2	Innan landsins til förgunar (F)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári) Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
9.3	Til annarra landa til endurnýtingar (E)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári) Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað. Heiti og heimilisfang endurnýtis. Heimilisfang endurnýtingarstöðvarinnar sem tekur við flutningnum.
9.4	Til annarra landa til förgunar (F)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári) Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað. Heiti og heimilisfang fargara. Heimilisfang förgunarstöðvarinnar sem tekur við flutningnum.

10.	<b>Flutningur af staðnum á hættulausum úrgangi — ef farið er yfir þröskuldsgildið í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006</b>	
	Tegund	Snið
10.1	Til endurnýtingar (E)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.
10.2	Til förgunar (F)	Heildarmassi sem er fluttur (tonn/ári). Magnákvörðunaraðferð sem er notuð: Mælt (greiningaraðferð tilgreind); reiknað út (aðferð tilgreind); áætlað.

- (1) Þetta er „framleiðsluástaða“ eins og hún er skilgreind í lið 8.2.1 í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1253/2013 frá 21. október 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtið. ESB L 331, 10.12.2013, bls. 1) sem „eitt eða fleiri mannvirki á sama staðnum, rekið af sama einstaklingi eða lögaðila, hannað, byggt eða uppsett til að þjóna tilteknum tilgangi í framleiðslu eða iðnaði; nær til allra grunnvirkja, búnaðar og efnis“ og fellur undir reglugerð (EB) nr. 166/2006.
- (2) Ef rekstrareining fellur einnig undir tilskipun 2010/75/ESB er lagagrundvöllurinn fyrir veitingu þessara upplýsinga framkvæmdar ákvörðun (ESB) 2018/1135.
- (3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).
- (4) Þessi reitur er með margfeldni sem nemur 0–1 samkvæmt INSPIRE-áætluninni og er því ekki skyldubundinn reitur.
- (5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).
- (6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).
- (7) Valkvætt fyrir skýrslugjafarárin 2019 og 2020. Frá og með skýrslugjafarárinu 2021 er skýrslugjöf skyldubundin fyrir geira þar sem framkvæmdastjórnin hefur fastsett einingar og mælistukur fyrir skýrslugjöf.
- (8) Einstakir gagnapunktur verða ekki birtir í Evrópuskránni yfir losun og flutning mengunarefna með fyrirvara um gildandi lög ESB um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál.
- (9) Sjá nr. 7 (hér að framan).
- (10) Sjá nr. 7 (hér að framan).
- (11) Þetta er „framleiðsluástaður“ eins og hann er skilgreindur í lið 8.2.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1253/2013 sem „Allt land á afmarkaðri landfræðilegri staðsetningu þar sem framleiðsluástaðan var, er, eða á að rísa. Þar með teljast öll grunnvirki, búnaður og efni“, og sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 166/2006.
- (12) Þessi reitur er með margfeldi sem nemur 0–1 skv. INSPIRE-áætluninni.